

Reykjavík, 10. ágúst 2018
334. fundur

Lagt fyrir fund velferðarráðs 10. ágúst 2018

Tillaga

Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna:

Lagt er til að óska eftir fjárveitingu til kaupa/leigu á húsnæði, t.d. gistiheimili þar sem hægt er að útbúa allt að 25 rúmgóð herbergi/einstaklingsíbúðir með sér salerni og eldhúskrók, sem neyðarhúsnæði fyrir einstaklinga á biðlista eftir félagslegu húsnæði. Enn fremur er óskað eftir 22 mkr. í kostnað vegna húsvörslu og stuðnings við íbúa.

Greinargerð:

1. júlí 2018 voru 985 einstaklingar á bið eftir almennu félagslegu leiguhúsnæði. Af þeim voru 72% einstaklingar eða 452 karlar og 260 konur. Mikill meirihluti fólks á listanum eða 73% var óvinnufær þ.e. öryrkjar, sjúklingar eða lífeyrisþegar. 150 voru skráðir án fastrar búsetu.

Félagsbústöðum eða skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar verði falið að kaupa eða leigja húsnæði. Gera þarf ráð fyrir fjármagni til að niðurgreiða húsaleigu og kostnað við breytinga á húsnæði. Forsendur gera jafnframt ráð fyrir allt að tveimur stöðugildum til að sinna húsvörslu og stuðningi við íbúa, alls 22 mkr. á ári. Ekki er fjárheimild í ramma velferðarsviðs fyrir þessum viðbótarkostnaði þ.e. hvorki vegna kaupa á húsnæði, breytingum, niðurgreiðslu húsaleigu né vegna stöðugilda.